

AUGLÝSING

um staðfestingu innviðaráðuneytisins á sameiningu Táknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 124. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, tilkynnir ráðuneytið að það hefur í dag staðfest sameiningu Táknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í eitt sveitarfélag.

Boða skal til sveitarstjórnarkosninga 4. maí nk. og kjósa sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags. Nýkjörin sveitarstjórn tekur við stjórn hins sameinaða sveitarfélags 19. maí 2024 og á sama tíma tekur sameiningin gildi.

Ráðuneytið hefur staðfest samþykkt um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags Táknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem gilda mun fyrir hið nýja sveitarfélag þar til því hefur verið sett ný samþykkt. Heiti hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Íbúar sveitarfélaganna skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags. Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir sveitarfélögunum tveimur. Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra sveitarfélögunum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags. Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru af hvorri sveitarstjórn í upphafi yfirstandandi kjörtímabils, skulu vera undirkjörstjórnir í hvoru sveitarfélagi fyrir sig við sveitarstjórnarkosningar.

Innviðaráðuneytinu, 19. mars 2024.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.